

Miðvikudaginn 12. febrúar 1992.

Nr. 516/1991. **Ákærvaldið**

gegn

Helga Bjarna Óskarssyni.

Kærumál. Dómsátt úr gildi felld. Bifreiðar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. desember 1991 samkvæmt heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Er það krafa ákærvaldsins, að hin kærða dómsátt verði úr gildi felld.

Samkvæmt dómsgerðum sakadóms Rangárvallasýslu, sem sendar voru Hæstarétti 4. febrúar 1992, var varnaraðila gert kunnugt um kröfu ákærvaldsins 23. janúar 1992. Gerði hann grein fyrir viðhorfum sínum til hennar á dómþingi 29. s.m., þar sem hann fór þess á leit, að hin kærða dómsátt yrði látin óhöggðu standa. Settur héraðsdómari í málinu hefur og sent Hæstarétti athugasemdir sínar, sbr. 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974.

Sunnudaginn 7. júlí 1991 var ákærði á heimleið úr helgarferð í Þórsmörk, þegar lögreglumenn komu að bifreið hans utan vegar-slóða við Jökulsá vestan lónsins. Var ákærði sofandi í aftursæti bifreiðarinnar og virtist áberandi ölvaður, er lögreglumenn tóku hann tali. Hann kvaðst vera að bíða eftir eiginkonu sinni, sem myndi aka bifreiðinni heim. Sjálfur hefði hann fengið far yfir lónið skömmu áður að bifreiðinni, þar sem hann hefði skilið hana eftir á leið þeirra í Þórsmörk, og síðan ekið henni nokkurn spöl til að koma henni yfir ársprænur, sem væru tiltölulega vatnsmiklar, í því skyni að greiða fyrir akstri eiginkonu sinnar. Ákærði kvaðst ekki hafa neytt áfengis um morguninn, áður en hann hreyfði bifreiðina, og ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Hins vegar hefði hann hresst sig á áfengisblöndu, sem var í bifreiðinni, áður en hann lagðist þar til svefns. Fram hefur komið um hagi ákærða, að hann þurfi mjög á bifreið að halda í atvinnurekstri sínum. Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki gerst brotlegur við umferðarlög síðan á árinu 1978.

Á það má fallast með héraðsdómara, að líklegt sé, að ákærði hafi ekki stofnað öðrum í hættu með akstri bifreiðarinnar á þessum stað og að taka megí mark á þeirri staðhæfingu hans, að hann hafi ekki ætlað að aka lengra sjálfur. Þrátt fyrir það verður ákærði ekki talinn eiga sér svo sérstakar málsbætur, að réttlætanlegt sé að beita heimildarákvæði síðari málsliðar 1. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 við umfjöllun á verknaði hans. Var héraðsdómara þannig ekki rétt að ljúka máli þessu án þess að svipta hann ökuréttindum tiltekinn tíma vegna þess brots á 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga, sem sannað er í málinu. Ber því að fella hina kærðu dómsátt úr gildi á grundvelli 6. mgr. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála, eins og krafist er af hálfu ákæruvaldsins.

D ó m s o r ð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

Endurrit úr sakadómsbók Rangárvallasýslu.

Ár 1991, mánudaginn 18. nóvember, er sakadómur Rangárvallasýslu settur að Hlíðarvegi 4 á Hvolsvelli og þar haldinn af settum héraðsdómara, Margréti Heinreksdóttur, með undirrituðum votti.

Fyrir er tekið mál nr. 17/1991: Rannsókn í tilefni af kæru um umferðarlagabrot á hendur Helga B. Óskarssyni.

Dómari leggur fram eftirtalin skjöl í frumriti:

nr. 1, bréf fulltrúa sýslumanns,

nr. 2, skjalaskrá.

Fyrir dómi er mættur kærði, áminntur um sannsögli.

Nafn: Helgi Bjarni Óskarsson.

Stétt eða atvinna: kaupmaður.

Heimili: Freyvangi 17, Hellu.

Fæðingardagur: 180255-2819.

Fæðingarstaður: Hellu, Rangárvallasýslu.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt, og kannast við ofangreint brot sitt. Hann hafi ekið bifreiðinni R-60784 sunnudaginn 7.7.1991 u.þ.b. 1 km vegalengd yfir 2-3 lækjarsprungur (sic), hafandi drukkið áfengi til kl. 2.00 þá um nóttina. Hann hafi síðan lagt bifreiðinni utan vegar, drukkið áfengisblöndu, sem þar var, og lagst til svefns, meðan hann beið eftir konu sinni, sem ætlaði að aka bifreiðinni heim.

Hann samþykkir að greiða 17.000 kr. í sekt til ríkissjóðs til að sleppa við málsókn út af brotinu, sem varðar við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. laga nr. 50/1987.

Alkóhól í blóði kærða reyndist vera 0,95‰.

Sektin greiðist fyrir 16.12.1991, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi sjö daga.

Málskostnaður, 8.114 kr., greiðist fyrir sama tíma.

Með hliðsjón af aðstæðum kærða og sakavottorði þykir rétt að beita heimild 1. mgr. 102. gr. laga nr. 50/1987 til að sleppa sviptingu ökuréttinda að þessu sinni.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðara brot, sbr. 71. gr. 1. nr. 19, 1940.

Dómari lét málsókn falla niður.
